



Starfsreglur áhættunefndar

1 Tilgangur og markmið

- Reglur þessar eru settar á grundvelli 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja og viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05).
- Tilgangur þessara reglna er að ákvarða skipan, hlutverk og starf áhættunefndar.

2 Gildissvið

- Reglurnar gilda um áhættunefnd Fossa auk framkvæmdastjóra áhættustýringar Fossa, eftir því sem við á.

3 Skipan áhættunefndar

- Áhættunefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni á fyrsta reglulega stjórnarfundi eftir aðalfund félagsins.
- Nefndin skal að lágmarki skipuð þremur mönnum. Nefndarmenn skulu vera stjórnarmenn og búa yfir nægilegri þekkingu og hæfni til að skilja að fullu og hafa eftirlit með áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.
- Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Formaður nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum og skal formaður stjórnar ekki vera formaður nefndarinnar.

4 Heimildir og aðgengi að gögnum

- Áhættunefnd skal hafa aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til starfa sinna.
- Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér óháðrar ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar. Skal nefndin leggja mat á óhæði ráðgjafa eftir því sem við á.

5 Hlutverk og verkefni áhættunefndar

- Áhættunefnd skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins, og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd bankastjóra og stjórnenda sem svara beint til bankastjóra á áhættustefnu fyrirtækisins.
- Verkefni nefndarinnar eru:
- Áhættustefna og áhættuvilji**
 - Að yfirfara árlega yfirlýsingu félagsins um áhættuvilja, tillögur að breytingum á yfirlýsingunni og leggja slíkar breytingar til samþykktar fyrir stjórn.
 - Að yfirfara árlega önnur stefnuskjöl og reglur félagsins er varða áhættu og áhættustýringu, sér í lagi með tilliti til þess hvort þau fjalli á fullnægjandi hátt um alla lykiláhættuþætti í starfsemi bankans, yfirfara tillögur að breytingum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.



- 5.3.3 Að hafa eftirlit með því að áhættustefnu og áhættuvilja félagsins sé fylgt og vera ráðgefandi við stjórn varðandi áhættumeningu innan félagsins.
- 5.4 Umgjörð áhættustýringar og áhættumörk**
- 5.4.1 Að hafa eftirlit með skilvirkni ferla og kerfa áhættustýringar í tengslum við alla mikilvæga áhættuþætti og yfirfara umsagnir stjórnenda, innri endurskoðunar og ytri endurskoðunar er þetta varðar ásamt því að gera tillögur til stjórnar að úrbótum ef nauðsyn ber til.
- 5.4.2 Nefndin skal jafnframt árlega leggja mat á fyrirkomulag og virkni áhættustýringar og regluvörslu, þar með talið hvort umrædd lykilstarfssvið hafi nægileg úrræði til að geta sinnt hlutverki sínu.
- 5.4.3 Að yfirfara árlega og leggja mat á innri skýrslugjöf félagsins um áhættu, m.a. skýrslugjöf áhættustýringar til stjórnar, og ákveða efni, form og tíðni þeirra upplýsinga sem stjórn og nefndin þurfa til að geta sinnt hlutverki sínu.
- 5.5 Innra mat á eiginfjárförf og lausafjárförf og endurbótaáætlun**
- 5.5.1 Að yfirfara umgjörð félagsins fyrir innra mat á eiginfjárförf og lausafjárförf, tillögur að breytingum og leggja til samþykktar fyrir stjórn. Í því felst að yfirfara umgjörð bankans fyrir álagspróf og sviðsmyndir, forsendur að baki þeim og leggja niðurstöður þeirra til samþykktar fyrir stjórn.
- 5.5.2 Að yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi niðurstöður innra mats á eiginfjárförf félagsins (e. ICAAP) og innra mats á lausafjárförf félagsins (e. ILAAP) ásamt skýrslu félagsins til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats.
- 5.5.3 Að yfirfara helstu samskipti félagsins við Fjármálaeftirlitið í tengslum við SREP ferli þess á félaginu.
- 5.5.4 Að yfirfara tillögur að breytingum á endurbótaáætlun (e. recovery plan) félagsins að lágmarki árlega og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 5.6 Markaðsáhætta**
- 5.6.1 Að ákvarða heimildaramma eigin viðskipta í samræmi við stefnu um markaðsáhættu og áhættuvilja bankans.
- 5.6.2 Að samþykkja þá aðferðafræði sem notuð er við mælingar og eiginfjárbindingu markaðsáhættu.
- 5.7 Útlánaáhætta**
- 5.7.1 Að ákvarða heimildaramma útlána, afleiðuviðskipta og verðbréfalána í samræmi við stefnu um útlánaáhættu og áhættuvilja félagsins.
- 5.7.2 Að yfirfara reglulega stöðu útlánasafns, m.a. samþjöppun, vanskil og þróun.
- 5.8 Hlítingaráhætta**
- 5.8.1 Að hafa eftirlit með hlítingaráhættu og skal í því skyni funda að minnsta kosti árlega með regluverði félagsins sem ber ábyrgð á að stýra, vakta og meta hlítingaráhættu í félaginu og yfirfara skýrslu regluvarðar.
- 5.9 Rekstraráhætta**
- 5.9.1 Að fjalla árlega um rekstraráhættu félagsins sem áhættustýring heldur utan um og metur í áhættuskrá.
- 5.9.2 Að hafa eftirlit með umgjörð áhættustýringar er varðar rekstraráhættu og skal í því skyni sækja upplýsingar til stjórnanda félagsins ásamt því að funda að minnsta kosti árlega með öryggisstjóra félagsins, sem ber ábyrgð á að stýra, vakta og meta rekstraráhættu vegna upplýsingaöryggis hjá félaginu.
- 5.10 Kjör á eignum og skuldbindingum**



5.10.1 Að yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum bankans, þar á meðal útlánum til viðskiptavina, taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu samstæðunnar.

5.10.2 Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

5.11 Starfskjarastefna

5.11.1 Að kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu, þar á meðal kaupaukum, samræmist áhættustefnu bankans.

5.11.2 Að kanna hvort starfskjarastefna taki að öðru leyti nægjanlegt tillit til áhættu, eigin fjár, lauss fjár og þess hversu líklegar tekjur eru og tímasetningar þeirra.

6 Fyrirkomulag funda

6.1 Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Einnig geta forstjóri, áhættustjóri, innri endurskoðandi eða regluvörður óskað eftir að funda einslega með nefndinni.

6.2 Í upphafi hvers starfsárs gerir áhættunefnd áætlun um verkefni ársins, nefndarfundi og fundi með starfsmönnum félagsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

6.3 Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins eða aðrir eru viðstaddir fundi nefndarinnar.

6.4 Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur. Falli atkvæði jöfn á fundi nefndarinnar fer formaður hennar með oddaatkvæði.

6.5 Formaður nefndarinnar skal, í samvinnu við framkvæmdastjóra áhættustýringar, undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum sem skulu vera aðgengileg nefndarmönnum á vefsvæði nefndarinnar fyrir fundi að jafnaði þremur virkum dögum fyrir fund.

6.6 Störf nefndar skulu almennt fara fram á fundum hennar. Heimilt er að halda símafundi og heimilt er fyrir einstaka nefndarmenn að vera viðstaddir fund í gegnum síma eða annan fjarfundabúnað. Jafnframt er heimilt að afgreiða erindi milli funda þannig að það sé kynnt nefndarmönnum skriflega, þ.e. með tölvupósti, og atkvæðagreiðsla meðal nefndarmanna haldin skriflega. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu bókaðar í fundargerð næsta fundar.

7 Fundargerðir

7.1 Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða.

7.2 Nefndin skal halda fundargerðarbók. Stjórn og forstjóri félagsins skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.

7.3 Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar.

8 Samskipti við stjórn

8.1 Nefndin skal upplýsa stjórn um það sem fram fer á nefndarfundum með reglubundnum hætti á stjórnarfundum.

8.2 Áhættunefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu til stjórnar félagsins.

8.3 Áhættunefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, m.a. skilvirkni starfa nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.



9 Gildistaka, endurskoðun og birting

- 9.1 Starfsreglum þessum verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar.
- 9.2 Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega.
- 9.3 Reglur þessar öðlast gildi við undirritun stjórnar og skulu birtar á vefsíðu félagsins.

10 Breytingaskrá

Utgáfa	Dagsetning	Akvörðunaraðili	Breyting
1.0	03.06.2024 26.06.2024	Áhættunefnd Stjórn	Heildarendurskoðun, reglurnar einfaldaðar, einblínt á lagakröfur, skerpt á hlutverki áhættunefndar og útlit uppfært.